

## Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

\*\*\*\*\*

### 7. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn fimmtudaginn 22. nóvember 2018 í Suðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 16:00

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Magnús Gíslason, Helga Sighvatsdóttir, Jón Tryggvi Guðmundsson, Eiríkur Steinn Búason, Óðinn K. Andersen og Þorsteinn Hjartarson, sem ritaði fundargerð.

1. Eiríkur Steinn Búason lagði fram drög að kröfufýsingu (inngang að forsögn). Umræða um þróun íbúafjölda á Selfossi og áfangaskiptingu í forsögninni út frá helstu einingum, svo sem grunnskóla, íþróttahúsi, frístund, leikskóla og tónlistarskóla. Ekki er gert ráð fyrir sundlaug í nýjum skóla.

Samþykkt að fá Hermann Ólafsson, landslagsarkitekt, á næsta fund til að ræða mögulega breytingu á deiliskipulagi á Björkurstykki með tilliti til þess að skólalóðir séu sömu megin við götuna. Einnig er óskað eftir að fá Birgi Edwald, skólastjóra Sunnulækjarskóla, á næsta fund.

2. Fyrsti fundur með hagaðilum verður haldinn í Sunnulækjarskóla á morgun.

Arna Ír Gunnarsdóttir

Fundi slitið kl. 17:45

Óðinn K. Andersen

Jón Tryggvi Guðmundsson

Magnús Gíslason

Eiríkur Steinn Búason

Þorsteinn Hjartarson

Helga Sighvatsdóttir